

Fréttamenska og verkleg fjölmiðlun

Heiti skóla: EINKAVEGUR

HÁSKÓLASTIG – grunnám - 60 ECTS einingar

Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu og færni til að stunda allar tegundir fréttamensku og fjölmiðlunar hvort sem unnið er með texta, sjónvarp, útvarp eða netið. Námið er mjög efnismikið og gerir miklar kröfur til nemandans um vinnu og verkefnaskil. Markmið er að útskrifa traust og faglegt fréttafólk sem nær góðum árangri í starfi og hefur vald á öllum miðlum.

Námið er viðurkennt sem aukagrein til 60 eininga í grunnámi við flesta háskóla landsins. (markmið)

Námsleiðin hentar vel fyrir þá sem vilja starfa sem sjálfstæðir fréttamenn (sjálfbær fréttamenska), starfa á fjölmiðlum, eða stunda frekara nám í fréttá- og blaðamensku. Námið er einnig verðmætt viðbótarnám með ýmsum háskólagreinum.

Námið er allt kennt í fjarnámi og skiptist í þrjá hluta sem deilast í tvær lotur (ígildi missera):

Kjarni: 5 námskeið, 8 einingar

Heiti xxxx	1 ein.	Inngangsnámskeið	(Fornám)
Heiti xxxx	2 ein.	Inngangur að blaðamensku	(Fornám)
Heiti xxxx	1 ein.	Fréttir - mynd og hljóð	(Fornám)
Heiti xxxx	2 ein.	Rekstur netfjölmiðils	
Heiti xxxx	2 ein.	Ritstjórn	

Fréttamenska: 8 námskeið, 29 einingar

Heiti xxxx	4 ein.	Fréttatexti
Heiti xxxx	3 ein.	Fréttamenska I
Heiti xxxx	4 ein.	Fréttamenska II
Heiti xxxx	2 ein.	Vefmiðlun og samþætting
Heiti xxxx	2 ein.	Framtíðin
Heiti xxxx	6 ein.	Rannsóknir I
Heiti xxxx	6 ein.	Rannsóknir II
Heiti xxxx	2 ein.	Fortíðin, saga blaðamensku

Miðlun: 8 námskeið, 23 einingar

Heiti xxxx	3 ein	Ljósmyndun
Heiti xxxx	2 ein	Framkoma/framsögn
Heiti xxxx	2 ein	Kvikmyndataka/myndvinnsla I
Heiti xxxx	4 ein	Kvikmyndataka/myndvinnsla II
Heiti xxxx	2 ein	Hljóð I
Heiti xxxx	4 ein	Hljóð II
Heiti xxxx	2 ein	Klipping/myndvinnsla I
Heiti xxxx	4 ein	Klipping/myndvinnsla II

Til að komast inn á námsbrautina þurfa nemendur að ljúka þremur námskeiðum í kjarna (fornám) og á grundvelli niðurstaðna af þeim er metið hvort nemandi telst hæfur til að stunda nám á brautinni (ATH hugsanlega eru 1 - 3 af þessum námskeiðum ókeypis)

Námið er að 90% verklegt. Nær öll námskeiðin eru með raunverulegar fréttir sem verkefni. Fjölmiðill námsleiðarinnar heitir EINKAVEGUR. Hverjum nemanda er úthlutað vefsvæði (Einkavegssvæði), sem er hans persónulega fréttaveita. Nemandinn ræður hvort hann hefur vefsvæðið opið eða lokað meðan á námi stendur.

EINKAVEGUR er einnig opinn fjölmiðill sem tekur sér stöðu á íslenskum vef fjölmiðlamarkaði. Grunnurinn að efni í fjölmiðlinum eru fréttir sem valdar eru úr verkefnum nemenda, þar sem fréttæmi og fagmennska í vinnslu stenst skoðun. (Hugsanleg útfærsla: Þeir nemendur sem koma fréttum sínum í opna fjölmiðilinn fá greidda þóknun fyrir hverja þá frétt sem þeim tekst að koma í birtingu. Með þessu móti eru nemendur strax meðvitaðir um virði vinnu sinnar og þeir eru hvattir til að ná árangri.) Þess má geta að hver nemandi gerir um 95 fréttir í náminu.

Kennslan fer að öllu leyti fram í fjarnámi. Nemendur fá aðgang að fyrirlestrum og námsefni á vefsvæði hvers námskeiðs, en þeir hafa einnig aðgengi að kennurum og tækniþjónustu í gegnum netið. Hægt er að hefja skólagöngu hvenær sem er ársins. Lágmarkstími til að ljúka náminu eru 30 vikur en hámarkstími 3 ár.

Að námi loknu fá nemendur viðurkennda diplomu og einkunnarskjal sem staðfestir námslok.

Fyrri lota

KJARNI**Heiti xxxx 1 ein. Inngangsnámskeið (Fornám)**

Námskeiðslýsing: Námskeiðið er kennt í upphafi. Markmið þess er að nemendur átti sig á styrkleikum sínum og veikleikum. Reynt að finna út hvar sérsvið nemandans liggur og hver persónuleiki hans er. Nemendur undirgangast ýmiskonar persónuleika- og áhugasviðspróf ásamt því að þeir þurfa að fjalla um málefni sem liggja á þeirra þekkingarsviði. Að námskeiði loknu ættu nemandur að hafa hugmynd um á hvaða sviðum þeir gætu náð afburðaárangri sem fréttamenn og jafnframt á hvaða sviðum þeir þurfa að styrkja sig. Á námskeiðinu er einnig kennt á Wordpress forritið og nemendur setja upp eigið vefsvæði sem verður þeirra vinnslutól í náminu.

Hæfniviðmið**1. Þekking og skilningur**

- 1.1 Nemandi geri sér grein fyrir styrkleikum sínum og veikleikum.
- 1.2 Nemandi geri sér grein fyrir hvert sérsvið hans er.
- 1.3 Nemandi geri sér grein fyrir þeim eiginleikum sem blaðamenn eru búnir og geti mátad þá við sína eigin.
- 1.4 Nemandi geri sér grein fyrir hvaða persónueiginleika hann þarf að styrkja til að verða góður blaðamaður.
- 1.5 Nemandi geti læri að setja upp einfalda fréttaveitu á vefsvæði.

2. Hagnýt færni og hæfni

- 2.1 Nemandi kunni að nýta sér upplýsingar um sjálfan sig til að stýra námi sínu.
- 2.2 Nemandi geti lagt grunn að sérsviði sínu.
- 2.3 Nemandi kunni að setja upp og vinna á eigin vefsvæði

3. Hæfni í samskiptum, miðun og upplýsingalæsi

- 3.1 Nemandi öðlist hæfni til að meta styrkleika sína og veikleika.
- 3.2 Nemandi öðlist hæfni til að meta og undirbúa sérsvið sitt.
- 3.3 Nemandi öðlist hæfni til að setja upp og vinna með eigin fréttaveitu.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx

Deild/Eining: Fréttamennska, grunnnám

Einingafjöldi: 1 eining

Lágmarkseinkunn: 5,0

Námskeiðstegund: Fjarnám

Námsstig: Háskólastig - grunnnám

Kennsluár:

Heildarvinnutími nemanda: 25 klst

Fjöldi fyrirlestra/kennslueininga: 1

Fjöldi millifyrferða: 0

Kennarar/fyrirlesarar: 1 - xxxx

Undanfarar / Forkröfur:

Námsmat:

Bækur/leefni: Áhugasviðsmat, persónuleikapróf

Annað leefni: Kennsluvefur námskeiðsins

Heiti xxxx 2 ein. Inngangur að blaðamennsku (Fornám)

Námskeiðslýsing: Grundvallarnámskeið í blaðamennsku. Markmiðið er að nemendur geti strax í upphafi náms tekið virkan þátt í fjölmiðun og frá upphafi lagt til efni í Einkaveg, fjölmiðil námskeiðsins. Kynnt er, hvað felst í hugtakinu: Fréttanef. Önnur hugtök eru kynnt og farið yfir málsgreinina: Hver gerði hvað, hvar, hvenær, hvers vegna og hvað svo. Fréttamat er útskýrt. Kennnd er viðtalatækni og kenndar aðferðir við fréttaskrif, svo og notkun á heimildum og gögnum. Farið er lauslega yfir sérgreinar, svo sem ljósmyndun og hönnun, útvarp og sjónvarp. Farið er yfir verklagsreglur og kynntar ýmar síðareglur.

Hæfniviðmið**1. Þekking og skilningur**

- 1.1 Nemandi þekki helztu aðferðir og vinnubrögð í blaða- og fréttamennsku.
- 1.2 Nemandi geti haft frumkvæði að öflun fréttu og annars efnis.
- 1.3 Nemandi þekki skuldbindingu blaðamanna við leitina að staðfestingum.
- 1.4 Nemandi þekki helztu síðareglur blaðamennsku.

2. Hagnýt færni og hæfni

- 2.1 Nemandi geti stundað dagleg störf blaða- og fréttamanna.
- 2.2 Nemandi kunni að leggja mat á fréttæmi.
- 2.3 Nemandi kunni að taka viðtöl og vinna faglega úr þeim.
- 2.4 Nemandi kunni að taka ljósmyndir og að hanna síður.
- 2.5 Nemandi þekki mun á vinnubrögðum við lesna, heyrða og séða fjölmiðla.

3. Hæfni í samskiptum, miðun og upplýsingalæsi

- 3.1 Nemandi geti unnið vel og skipulega. Hann geti staðið við skilafresti.
- 3.2 Nemandi nái tökum á tækni og hugbúnaði sem notaður er við fréttaskrif.
- 3.3 Nemandi geti gert skýra og einfalda grein fyrir flóknum niðurstöðum.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx

Deild/Eining: Fréttamennska, grunnnám

Einingafjöldi: 2 einingar

Lágmarkseinkunn: 5,0

Námskeiðstegund: Fjarnám

Námsstig: Háskólastig - grunnnám

Kennsluár:

Heildarvinnutími nemanda: 60

Fjöldi fyrirlestra/kennslueininga: 12

Fjöldi millifyrferða: 1

Kennarar/fyrirlesarar: 1

Undanfarar / Forkröfur:

Námsmat: Verkefni. Nemendur skrifa 2 fréttir og 1 grein á fréttaveitu, próf úr lesefni

Bækur: Bill Kovach & Tom Rosenstiel: The Elements of Journalism, 2001

Malcolm F. Mallett: Handbook For Journalists, 1998

Annað lesefni: Skyggur sem fylgja með fyrirlestrum og eru birtar á kennsluvef námskeiðsins

Heiti xxxx 1 ein. Fréttir - mynd og hljóð (Fornám)

Námskeiðslýsing: Fjallað um þá fjölmörgu þætti sem liggja að baki kvikmyndagerðar. Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á öllum þessum þáttum, sem eiga jafnt við um sjónvarpsfréttir eins og aðrar tegundir kvikmynda. Leikmynd, búningar, förðun, framsögn, túlkun, handritsgerð, hljóð, tónlist, klipping, ljósmyndir, grafík, kvikmyndataka eru allt þættir sem spila saman við gerð sjónvarpsfréttar. Útvarpsfréttir eru greindar á sama hátt út frá hljóðheimi. Nemendur þurfa að öðlast skilning á því hvernig samspil margra miðlunarþátta hefur áhrif á fréttaflokkning. Nemendur rannsaka framsetningu frétta frá nokkrum helstu fréttaveitum heims bæði í útvarpi og sjónvarpi og gera á þeim nákvæma greiningu.

Hæfniviðmið

- Þekking og skilningur**
 - 1.1 Nemandi geti greint og skilið alla þá þætti sem alltaf eru til staðar í kvikmynd.
 - 1.2 Nemandi hafi lágmarksþekkingu til að meta gæði einstakra þátta í kvikmynd.
 - 1.3 Nemandi geti greint og skilið þá þætti sem eru eða geta verið til staðar í útvarpsfni
 - 1.3 Nemandi öðlist þekkingu á tæknilegum þáttum í gæðafréttamennsku
- Hagnýt færni og hæfni**
 - 2.1 Nemandi hafi lágmarksþekkingu til að meta gæði einstakra þátta bæði í kvikmynd og útvarpsfni
- Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi**
 - 3.1 Nemandi geti nýtt þekkingu sína til að skipuleggja upptökur bæði á kvikmyndum og útvarpsfni

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx
Deild/Eining: Fjölmíðlun, grunnnám
Einingafjöldi: 1 eining
Lágmarksseinkunn: 5,0
Námskeiðstegund: Fjarnám
Námsstig: Háskólastig, grunnnám
Kennsluár:

Heildarvinnutími nemanda: 30

Fjöldi fyrirlestra/kennslueininga: 1

Fjöldi millifyrferða: 0

Kennarar/fyrirlesarar:

Undanfarar / Forkröfur:

Námsmat: Nemendur vinna tvær greiningar sem metnar eru til einkunnar

Bækur/kennsluefni: Nemendur þurfa að hafa aðgang að erlendum fréttaveitum í sjónvarpi og útvarpi

FRÉTTAMENNSKA

Heiti xxxx 4 ein. Fréttatexti

Námskeiðslýsing: Grundvallarnámskeið í fréttatexta. Markmiðið er að nemendur skrifi alþýðlegan og einfaldan stíl, sem stefnir að skilningi fréttanotenda. Nemendur skrifi réttan og óaðfinnanlegan stíl, sem öllum er auðskilinn. Ennfremur að nemendur forðist helstu villur sem sjást í fjölmíðlum. Kynnt eru helstu hugtök í setningarfræði, sem og innlendar og erlendar stílreglur. Nemendur eru þjálfaðir í að skrifa markvissa fréttatexta og greinar á góðri íslensku. Þeir kunnir að haga textalengd eftir aðstæðum hverju sinni.

Hæfniviðmið

- Þekking og skilningur**
 - 1.1 Nemandi þekki alþýðustíl og kunnir að beita setningafræði við textagerð.
 - 1.2 Nemandi þekki klisjur og kunnir að forðast þær.
- Hagnýt færni og hæfni**
 - 2.1 Nemandi kunnir að stytta málsgreinar og að þétta texta.
 - 2.2 Nemandi kunnir að gera fyrirsagnir og skrifa inngang, sem leiðir inn í meginefnið.
 - 2.3 Nemandi kunnir að beita tilvitnunum og að ná léttu rennsli texta
 - 2.4 Nemandi kunnir feegurð í texta, mismunandi tón þeirra og að búa til örsögur.
 - 2.5 Nemandi þekki stílreglur við samningu lengri greina.
 - 2.6 Nemandi þekki mun á textagerð fyrir pappír, útvarp, sjónvarp og vefmiðla.
 - 2.7 Nemandi fræðist um algengustu villur í fjölmíðlum nútímans.
- Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi**
 - 3.1 Nemandi geti unnið sjálfstæðan texta og jafnframt unnið texta með öðrum.
 - 3.2 Nemandi geti gert skýra og einfalda grein fyrir flóknu máli.
 - 3.3 Nemandi kunnir að leita upplýsinga um bæt málfr.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx
Deild/Eining: Fjölmíðlun, grunnnám
Einingafjöldi: 4 einingar
Lágmarksseinkunn: 5,0
Námskeiðstegund: Fjarnám
Námsstig: Háskólastig, grunnnám
Kennsluár:
Heildarvinnutími nemanda: 120
Fjöldi fyrirlestra/kennslueininga: 18
Fjöldi millifyrferða: 1 - 2
Kennarar/fyrirlesarar: 2
Undanfarar / Forkröfur: Kjarni/fornám
Námsmat: Verkefni: Nemendur skrifa 10 fréttir og greinar fyrir Einkaveg sem metnar eru til einkunnar
Bækur/kennsluefni: Helgi Hálfðanarson: Gætum tungunnar, 1984
 Ragnheiður Briem: Hefðbundin setningarfræði handa framhaldsskólum, 2000
 Joseph M. Williams: Style, Ten Lessons in Clarity and Grace, 8. útgáfa 2005
Annað lesefni: Skyggur sem fylgja með fyrirlestrum og eru birtar á kennsluvef námskeiðsins

Heiti xxxx 3 ein. Fréttamenska I

Námskeiðslýsing: Meginnámskeið í blaðamennsku, fyrri hluti. Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á störfum

blaðamanna í ýmsum efnisflokkum fréttu og færni í fréttaskrifum fyrir úmarit, dagblöð, útvarp, sjónvarp og nýja miðla. Þeir séu færir í flestan sjó sem blaðamenn. Hugtök við fréttaskrif eru kynnt; hvað er frétt, á hverju byggja fjölmiðlar fréttamat, hvernig eru fréttir uppbyggðar og hvaða atriði þurfa að koma þar fram. Þekktir fréttamenn rekja vinnubrögð sín. Rakin er viðtalatækni blaðamanna. Kynntar eru ýmsar tegundir heimildarmanna í ýmsum efnisflokkum. Sagt er lauslega frá sagnalist fjölmiðla.

Nemendur skrifa efni fyrir Einkaveg, fjölmiðil námsbrautarinnar.

Hæfniviðmið

- Þekking og skilningur**
 - 1.1 Nemandi þekki aðferðir við hina ýmsu tegundir fjölmiðla og efnisflokka fréttu.
 - 1.2 Nemandi þekki aðferðir við hina ýmsu efnisflokka fréttu.
 - 1.3 Nemandi þekki einkenni fréttamanna, eðli fréttu og tilgang sannreynslu.
- Hagnýt færni og hæfni**
 - 2.1 Nemandi sé hæfur til að vinna við hvers konar fjölmiðla liðandi stundar.
 - 2.2 Nemandi geti tekið viðtöl og unnið úr þeim á faglegan og gagnrýnin hátt.
 - 2.3 Nemandi noti gildin, sem ákveða fréttæmi: Mikilvægi, tímasetning, nálægð, spenna.
 - 2.4 Nemandi geri sér grein fyrir sagnalist í fréttamennsku.
 - 2.5 Nemandi noti vel tækni blaðamennsku, viðtöl, heimildir, uppbyggingu greina.
 - 2.6 Nemandi kunni undirstöðuatriði rannsóknblaðamennsku.
- Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi**
 - 3.1 Nemandi geti unnið sjálfstætt en jafnframt unnið með öðrum.
 - 3.2 Nemandi kunni grunn sérgreina, ljósmyndunar og hönnunar, útvarps og sjónvarps.
 - 3.3 Nemandi kunni að leita upplýsinga og sannreyna upplýsingar.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx

Deild/Eining: Fréttamennska, grunnnám

Einingafjöldi: 3 einingar

Lágmarkseinkunn: 5,0

Námskeiðstegund: Fjarnám

Námsstig: Háskólastig, grunnnám

Kennsluár:

Heildarvinnutími nemanda: 90

Heildarvinnutími nemanda: 25

Fjöldi fyrirlestra/kennslueininga: 15

Fjöldi millifyrferða: 1

Kennarar/fyrirlesarar: 1

Undanfarar / Forkröfur: Kjarni/for nám, Fréttatexti

Námsmat: Nemendur vinna 10 fréttir sem metnar eru til einkunnar

Bækur/kennsluefni: Melvin Mencher: News Reporting and Writing, 10. útgáfa 2006

Annað lesefni: Skyggjur sem fylgja með fyrirlesturum og eru birtar á kennsluvef námskeiðsins

Heiti xxxx 4 ein. Fréttamennska II

Námskeiðslýsing: Meginnámskeið í blaðamennsku, síðari hluti. Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á störfum blaðamanna í ýmsum efnisflokkum fréttu og færni í fréttaskrifum fyrir úmarit, dagblöð, útvarp, sjónvarp og nýja miðla. Þeir séu færir í flestan sjó sem blaðamenn. Hugtök við fréttaskrif eru kynnt; hvað er frétt, á hverju byggja fjölmiðlar fréttamat, hvernig eru fréttir uppbyggðar og hvaða atriði þurfa að koma þar fram. Þekktir fréttamenn rekja vinnubrögð sín. Rakin er viðtalatækni blaðamanna. Kynntar eru ýmsar tegundir heimildarmanna í ýmsum efnisflokkum. Sagt er lauslega frá sagnalist fjölmiðla.

Nemendur skrifa efni fyrir Einkaveg, fjölmiðil námsbrautarinnar.

Hæfniviðmið

- Þekking og skilningur**
 - 1.1 Nemandi þekki aðferðir við hina ýmsu tegundir fjölmiðla og efnisflokka fréttu.
 - 1.2 Nemandi þekki aðferðir við hina ýmsu efnisflokka fréttu.
 - 1.3 Nemandi þekki einkenni fréttamanna, eðli fréttu og tilgang sannreynslu.
- Hagnýt færni og hæfni**
 - 2.1 Nemandi sé hæfur til að vinna við hvers konar fjölmiðla liðandi stundar.
 - 2.2 Nemandi geti tekið viðtöl og unnið úr þeim á faglegan og gagnrýnin hátt.
 - 2.3 Nemandi noti gildin, sem ákveða fréttæmi: Mikilvægi, tímasetning, nálægð, spenna.
 - 2.4 Nemandi geri sér grein fyrir sagnalist í fréttamennsku.
 - 2.5 Nemandi noti vel tækni blaðamennsku, viðtöl, heimildir, uppbyggingu greina.
 - 2.6 Nemandi kunni undirstöðuatriði rannsóknblaðamennsku.
- Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi**
 - 3.1 Nemandi geti unnið sjálfstætt en jafnframt unnið með öðrum.
 - 3.2 Nemandi kunni grunn sérgreina, ljósmyndunar og hönnunar, útvarps og sjónvarps.
 - 3.3 Nemandi kunni að leita upplýsinga og sannreyna upplýsingar.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx

Deild/Eining: Fréttamennska, grunnnám

Einingafjöldi: 4 einingar

Lágmarkseinkunn: 5,0

Námskeiðstegund: Fjarnám

Námsstig: Háskólastig, grunnnám

Kennsluár:

Heildarvinnutími nemanda: 120

Fjöldi fyrirlestra/kennslueininga: 18

Fjöldi millifyrferða: 1 - 2

Kennarar/fyrirlesarar: 1

Undanfarar / Forkröfur: Kjarni/for nám, Fréttatexti, Fréttamennska I

Námsmat: Nemendur vinna 15 fréttir sem metnar eru til einkunnar.

Bækur/kennsluefni: Melvin Mencher: News Reporting and Writing, 10. útgáfa 2006

Annað lesefni: Skyggjur sem fylgja með fyrirlesturum og eru birtar á kennsluvef námskeiðsins

Heiti xxxx 2 ein. Vefmiðlun og samþætting

Námskeiðslýsing: Námskeiðið fléttar saman kunnáttu í meðferð ýmissa fjölmiðla. Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á eiginleikum og sérkennum pappírs, útvarps, sjónvarps og ýmissa vefmiðla. Helstu hugtök og aðferðir við samþættingu og vefmiðlun eru kynnt. Nemendur eru þjálfðir til að geta starfað við fjölbreytta útgáfu. Rætt um átök milli fólks og valdaaðila

um áhrif í kjölfar samþættingar og vefmiðlunar. Þekktir sjónvarps- og vefmiðlamenn rekja vinnubrögð sín hér heima og erlendis.

Nemendur skrifa efni fyrir Einkaveg, fjölmiðil námsbrautarinnar.

Hæfniviðmið

- Þekking og skilningur**
 - 1.1 Nemandi þekki mismunandi aðferðir og vinnubrögð við mismunandi útgáfu.
 - 1.2 Nemandi þekki kosti og galla hverrar tegundar fjölmiðlunar.
 - 1.3 Nemandi þekki ný hugtök fjölmiðlunar: Grasrót, notendalyðræði, samtal í stað fyrirlestrar.
 - 1.4 Nemandi þekki kenningar um vöxt og hrun fjölmiðla í nútímanum.
- Hagnýt færni og hæfni**
 - 2.1 Nemandi kunni samþættingu fjölmiðla, viti hvað sameinar þá og hvað sundrar þeim.
 - 2.2 Nemandi geti í senn samið efni, sem hentar hverri tegund fjölmiðils fyrir sig.
 - 2.3 Nemandi kunni að láta texta, gróf, hljóð, myndir og myndskleið vinna saman.
 - 2.4 Nemandi geti farið í tæka tíð með öll tæki og tól á vettvang og skilað efni fljótt og vel.
- Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi**
 - 3.1 Nemandi geti unnið vel og skipulega. Hann geti staðið við skilafrest.
 - 3.2 Nemandi nái tökum á tækni og hugbúnaði sem notaður er við samþætta fjölmiðla.
 - 3.3 Nemandi geti unnið sjálfstætt en jafnframt unnið með öðrum.
 - 3.4 Nemandi kunni að gera hnökralaus vefsvæði.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx

Deild/Eining: Fréttamennska, grunnnám

Einingarfjöldi: 2 einingar

Lágmarkseinkunn: 5,0

Námskeiðstegund: Fjarnám

Námsstig: Háskólastig, grunnnám

Kennsluár:

Heildarvinnutími nemanda: 60

Fjöldi fyrirlestra/kennslueininga: 12

Fjöldi millifyrferða: 1

Kennarar/fyrirlesarar: 4

Undanfarar / Forkröfur: Kjarni/fornám, fréttatexti

Námsmat: Nemendur vinna 4 fréttir og 2 verkefni sem metnar eru til einkunnar

Bækur/kennsluefni: James C. Foust: Online Journalism, 2005, Dan Gillmor: We the Media, Grassroots Journalism, 2006

Janet Kolodzy: Convergence Journalism, 2006, Steve Krug: Don't Make Me Think, 2. útgáfa 2006

Joe Trippi: The Revolution Will Not Be Televised, 2004

Annað lesefni: Skyggur sem fylgja með fyrirlestrum og eru birtar á kennsluvef námskeiðsins

Heiti xxxx 2 ein. Framtíðin

Námskeiðslýsing: Kenningar um þróun blaðamennsku í náninni framtíð. Markmið námskeiðsins er að nemendur átti sig á breytingum, sem kunna að verða á störfum og starfsumhverfi blaðamanna. Helstu kenningar um framtíð breyttra og nýrra fjölmiðla eru kynntar. Rætt er um kenningar Bagdikian, Battelle, Gillmor, Meyer, Rheingold og Trippi.

Nemendur skrifa efni fyrir Einkaveg, fjölmiðil námsbrautarinnar.

Hæfniviðmið

- Þekking og skilningur**
 - 1.1 Nemandi þekki helstu kenningar um væntanlegar breytingar á fjölmiðlum.
 - 1.2 Nemandi sé viðúinn breyttum aðstæðum fjölmiðlunar í náninni framtíð.
 - 1.3 Nemandi þekki fjárhagsleg vandamál og lausnir mismunandi fjölmiðla.
 - 1.4 Nemandi þekki kenningar um aðferðir fjölmiðla við að mæta náninni framtíð.
- Hagnýt færni og hæfni**
 - 2.1 Nemandi kunni að nota ódýra tækni við að koma efni fram á fjölbreyttan hátt.
 - 2.2 Nemandi kunni að nota Wikileaks og Google og önnur leitarforrit við heimildaöflun.
- Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi**
 - 3.1 Nemandi geti unnið á öllum sviðum vefmiðlunar og fjölmiðlunar í senn.
 - 3.2 Nemandi hafi náð tökum á tækni og hugbúnaði sem notaður er við vef og síma.
 - 3.3 Nemandi geti unnið sjálfstætt en jafnframt unnið með öðrum.
 - 3.4 Nemandi búi yfir sveigjanleika, sem gerir honum kleift að starfa við breytilegar aðstæður.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx

Deild/Eining: Fréttamennska, grunnnám

Einingarfjöldi: 2 einingar

Lágmarkseinkunn: 5,0

Námskeiðstegund: Fjarnám

Námsstig: Háskólastig, grunnnám

Kennsluár:

Heildarvinnutími nemanda: 60

Fjöldi fyrirlestra/kennslueininga: 12

Fjöldi millifyrferða: 0

Kennarar/fyrirlesarar: 1

Undanfarar / Forkröfur: Kjarni/fornám, Fréttatexti

Námsmat: Verkefni. Nemendur skrifa 4 fréttir og gera 2 verkefni sem metin eru til einkunnar

Bækur/kennsluefni: Ben H. Bagdikian: The New Media Monopoly, 2. útgáfa 2004, John Battelle: The Search, Google and Its Rivals, 2005

Dan Gillmor: We the Media, Grassroots Journalism, 2006, Philip Meyer: The Vanishing Newspaper, 2004

Howard Rheingold: Smart Mobs, The Next Social Revolution, 2002, Joe Trippi: The Revolution Will Not Be Televised, 2004

Annað lesefni: Nieman Report, Goodbye Gutenberg, 2006

Skyggur sem fylgja með fyrirlestrum og eru birtar á kennsluvef námskeiðsins

MÍÐLUN

Heiti xxxx 3 ein Ljósmyndun

Námskeiðslýsing: Á námskeiðinu eru kennd grundvallaratriði ljósmyndatakninnar; ljósop, hraði, innrömmun o.s.frv. Þá er fjallað um sögu og eiginleika fréttaljósmyndunar. Nemendur velja sér nokkur verkefni, þar sem þeir segja fréttir/sögur með ljósmyndum. Áhersla er lögð á að nemendur nái valdi á tækniþúnaði, samhliða því að fá tilfinningu fyrir tímasetningum og

fréttarnæmi atburða. Á námskeiðinu eru einnig kennd grunnatriðin í photoshop til meðhöndlunar mynda.

Hæfniviðmið

- Þekking og skilningur**
 - 1.1 Nemandi þekki grundvallaratriði ljósmyndataekninnar.
 - 1.2 Nemandi þekki grunnforsendur frétta ljósmyndunar.
 - 1.3 Nemandi öðlist skilning á þætti og mikilvægi ljósmynda við frétaflutning.
 - 1.4 Nemandi þekki möguleika myndvinnsluforrita við meðhöndlun mynda.
- Hagnýt færni og hæfni**
 - 2.1 Nemandi kunni að nota ljósmyndavél
 - 2.2 Nemandi öðlist færni í að grípa augnarblik fréttarnæma atburða með ljósmyndataekni.
 - 2.3 Nemandi öðlist færni í að meðhöndla myndir til birtingar í fjölmiðli.
- Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi**
 - 3.1 Nemandi hafi öðlast hæfni til að miðla fréttum með ljósmyndum.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx
Deild/Eining: Fréttamennska, grunnnám
Einingafjöldi: 3 einingar
Lágmarkseinkunn: 5,0
Námskeiðstegund: Fjarnám
Námsstig: Háskólastig, grunnnám
Kennsluár:
Heildarvinnutími nemanda: 90
Fjöldi fyrirlestra/kennslueininga: 4
Fjöldi millifyrferða: 2
Kennarar/fyrirlesarar: 4
Undanfarar / Forkröfur: Kjarni/fornám
Námsmat: 3 fréttir með ljósmynd í forgrunni. 1 12 mynda sería. Verkefni metin til einkunnar.
Bækur/kennsluefni:
Annað lesefni: Kennsluvefur námskeiðsins

Heiti xxxx 2 ein. Kvikmyndataka/myndvinnsla I

Námskeiðslýsing: Nemendum er kennt á tæknibúnað. Farið rækilega í myndmálið og áhrif þess í framsetningu og upplifun. Fjallað um lýsingu, liti og umgjörð. Á þessu fyrra námskeiði er mest áhersla lögð á að kenna kvikmyndatöku í viðtölum og fréttakynningu (ancor/standup). Nemendur þurfa að fullvinna nokkrar fréttir þar sem þeir þurfa að sýna fram á þekkingu og skilning á myndmáli (samspil við klippiáfangi).

Hæfniviðmið

- Þekking og skilningur**
 - 1.1 Nemandi þekki helstu tæknieiginleika kvikmyndatökuvélarinnar.
 - 1.2 Nemandi hafi þekkingu og skilning á grunnatriðum myndmálsins.
 - 1.3 Nemandi þekki grunnatriðin í lýsingu viðtala og upplesturs.
- Hagnýt færni og hæfni**
 - 2.1 Nemandi kunni að beita kvikmyndatökuvél á faglegan hátt.
 - 2.2 Nemandi kunni að stilla upp í viðtal eða kynningarstöðu.
 - 2.3 Nemandi kunni að beita myndmáli á réttan hátt.
- Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi**
 - 3.1 Nemandi hafi öðlast hæfni til að kvikmynda viðtöl og kynningar.
 - 3.2 Nemandi hafi öðla hæfni til að beita myndmáli á markvissan hátt.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx
Deild/Eining: Fréttamennska, grunnnám
Einingafjöldi: 2 einingar
Lágmarkseinkunn: 5,0
Námskeiðstegund: Fjarnám
Námsstig: Háskólastig, grunnnám
Kennsluár:
Heildarvinnutími nemanda: 60
Fjöldi fyrirlestra/kennslueininga: 5
Fjöldi millifyrferða: 1
Kennarar/fyrirlesarar: 1
Undanfarar / Forkröfur: Kjarni/fornám, Ljósmyndun
Námsmat: 2 verkefni sem metin eru til einkunnar
Bækur/kennsluefni:
Annað lesefni: Kennsluvefur námskeiðsins

Heiti xxxx 2 ein. Hljóð I

Námskeiðslýsing: Kennsla í meðhöndlun hljóðnema og hljóðupptökutækja. Nemendur eiga að öðlast þekkingu til taka upp viðtöl og þul með góðum gæðum og geta klippið þau til útsendingar. Jafnframt eru þeir hjálfaðir í hljóðupptöku og hljóðvinnslu með kvikmynduðu efni. Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist góðan skilning á möguleikum hljóðs við flutning og framsetningu fréttar.

Hæfniviðmið

- Þekking og skilningur**
 - 1.1 Nemandi þekki helstu tæknieiginleika hljóðupptökutækja og hljóðnema
 - 1.2 Nemandi hafi þekkingu á meðhöndlun hljóðupptökutækja.
 - 1.2 Nemandi hafi þekkingu á hljóðklippiforritum.
- Hagnýt færni og hæfni**
 - 2.1 Nemandi kunni að beita hljóðupptökutækni á faglegan hátt.
 - 2.2 Nemandi kunni að stilla upp hljóðnema viðtal.
 - 2.3 Nemandi kunni að taka um hljóð með kvikmynduðu efni.
 - 2.3 Nemandi kunni að klippa hljóð.
- Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi**
 - 3.1 Nemandi hafi öðlast hæfni til að vinna hljóðefni til frétaflutnings.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx
Deild/Eining: Fréttamennska, grunnnám
Einingafjöldi: 2 einingar

Lágmarkseinkunn: 5,0
Námskeiðstegund: Fjarnám
Námsstig: Háskólastig, grunnám
Kennsluár:
Heildarvinnutími nemanda: 60
Fjöldi fyrirlestra: 5
Fjöldi millifyrferða: 1
Kennarar/fyrirlesarar: 1
Undanfarar / Forkröfur: Kjarni/fornám
Námsmat: 2 verkefni sem metin eru til einkunnar.
Bækur/kennsluefni:
Annað lesefni: Kennsluvefur námskeiðsins

Heiti xxxx 2 ein. Klipping/myndvinnsla I

Námskeiðslýsing: Kennsla á klippiforrit og grundvallaratriðum í klippingu myndefnis. Nemendur vinna með eigið efni sem þeir hafa tekið í kvikmyndatökuáfanganum. Markmiðið er að nemendur nái góðu valdi á forritinu og öðlist nokkra færni í að flétta saman myndum, viðtölum, kvikmyndum. Á námskeiðinu er fjallað um tæknilega þætti þætti varðandi innhleðslu myndefnis, og færslu frá einu formati yfir á annað. Einnig er fjallað um grafíska vinnslu.

Hæfniviðmið

- Þekking og skilningur**
 - 1.1 Nemandi öðlist skilning á klippiforritum og möguleikum þess
 - 1.2 Nemandi öðlist þekkingu á grunnatriðum mynd- og hljóðklippingar.
 - 1.2 Nemandi öðlist þekkingu á tölvuvinnslu mynd- og hljóðefnis.
- Hagnýt færni og hæfni**
 - 2.1 Nemandi öðlist færni í að meðhöndla mynd- og hljóðefni þannig að það sé tilbúið til vinnslu
 - 2.2 Nemandi öðlist færni í að klippa mynd- og hljóðefni
 - 2.3 Nemandi öðlist hæfni í að meta góða klippivinnu.
- Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi**
 - 3.1 Nemandi öðlist færni í klippingu til að meðhöndla fréttir til útsendingar.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx
Deild/Eining: Fréttamennska, grunnám
Einingafjöldi: 2 einingar
Lágmarkseinkunn: 5,0
Námskeiðstegund: Fjarnám
Námsstig: Háskólastig, grunnám
Kennsluár:
Heildarvinnutími nemanda: 60
Fjöldi fyrirlestra/kennslueininga: 5
Fjöldi millifyrferða: 1
Kennarar/fyrirlesarar: 1
Undanfarar / Forkröfur: Kjarni/fornám, Ljósmyndun, Kvikmyndataka I, Hljóð I
Námsmat: 4 fullunnar fréttir sem metnar eru til einkunnar. Verkefni.
Bækur/kennsluefni:
Annað lesefni: Kennsluvefur námskeiðsins

Heiti xxxx 2 ein. Framkoma/framsögn

Námskeiðslýsing: Á námskeiðinu eru nemendur þjálfaðir í að koma fram í mynd sem fréttamenn ásamt því að þeim er leiðbeint um framsögn. Þeir þurfa að vinna myndbönd/fréttir, þar sem þeir koma fram í mynd sem fréttamenn. Verkefnin eru síðan eru greind og skoðuð með tilliti til framkomu og framburðar. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur geti flutt fréttir af öryggi með skýrum og skilmerkilegum hætti.

Hæfniviðmið

- Þekking og skilningur**
 - 1.1 Nemandi hafi skilning á þeim atriðum sem hafa verður í huga við framsögn og framkomu.
- Hagnýt færni og hæfni**
 - 2.1 Nemandi hafi öðlast færni í að koma fram og flytja fréttir.
- Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi**
 - 3.1 Nemandi hafi aukið hæfni sína í framkomu og framsögn.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx
Deild/Eining: Fréttamennska, grunnám
Einingafjöldi: 2 einingar
Lágmarkseinkunn: 5,0
Námskeiðstegund: Fjarnám
Námsstig: Háskólastig, grunnám
Kennsluár:
Heildarvinnutími nemanda: 60
Fjöldi fyrirlestra/kennslueininga: 2
Fjöldi millifyrferða: 2
Kennarar/fyrirlesarar: 1
Undanfarar / Forkröfur: Kjarni/fornám, Fréttatexti, Ljósmyndun, Kvikmyndataka I
Námsmat: 2 fréttir og 2 verkefni sem metin eru til einkunnar.
Bækur/kennsluefni:
Annað lesefni: Kennsluvefur námskeiðsins

Seinni lota

KJARNI

Heiti xxxx 2 ein. Rekstur netfjölmiðils

Námskeiðslýsing: Fjallað um rekstrarmódel vef fjölmiðla. Sérstaklega eru skoðaðir þeir möguleikar sem nemendur hafa til reksturs vef fjölmiðla. Nemendur þurfa að þróa viðskiptahugmynd að vef fjölmiðli þar sem kostnaður er greindur og tekjumöguleikar eru metnir. Markmiðið er að nemendur geti gert sér grein fyrir möguleikum sínum til að skapa sér atvinnu með þeirri þekkingu sem þeir öðlast í náminu.

Hæfniviðmið

- Þekking og skilningur**
 - 1.1 Nemandi þekki viðskiptaáætlanagerð.
 - 1.2 Nemandi þekki mismunandi rekstrarmódel veffélmiðla.
- Hagnýt færni og hæfni**
 - 2.1 Nemandi öðlist hæfni til að meta möguleika sína til að reka veffélmiðil.
- Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi**
 - 3.1 Nemandi hafi lagt grunn að því að nýta þekkingu sína til tekjuöflunar.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx
Deild/Eining: Fréttamenska, grunnnám
Einingarfjöldi: 2 einingar
Lágmarkseinkunn: 5,0
Námskeiðstegund: Fjarnám
Námsstig: Háskólastig, grunnnám
Kennsluár:
Heildarvinnutími nemanda: 60
Fjöldi fyrirlestra: 2
Fjöldi millifyrferða: 2
Kennarar/fyrirlesarar: 1
Undanfarar / Forkröfur: Öll námskeið í fyrri lotu námsleiðar
Námsmat: Verkefni: Viðskiptaáætlun metin til einkunnar.
Bækur/kennsluefni:
Annað lesefni: Kennsluvefur námskeiðsins

Heiti xxxx 2 ein. Ritstjórn

Námskeiðslýsing: Meginnámskeið í ritstjórn. Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á störfum ritstjóra í ýmsum efnisflokkum fjölmiðla og færni í ritstjórn fyrir tímarit, dagblöð, útvarp, sjónvarp og nýja miðla.

Eðli stjórnunar er kynnt, samstarf ritstjóra og valdform þeirra. Kynntar eru ýmsar tegundir leiðara. Þekktir ritstjórar rekja aðferðir sínar.

Nemendur ritstýra efni fyrir Einkaveg, fjölmiðil námsbrautarinnar.

Hæfniviðmið

- Þekking og skilningur**
 - 1.1 Nemandi þekki aðferðir við ritstjórn ýmissa tegundir fjölmiðla og efnisflokka fréttar.
 - 1.2. Nemandi þekki aðferðir við samstarf ritstjóra á fjölmiðli.
 - 1.3 Nemandi þekki hin ýmsu valdform, sem ritstjórar beita í starfi sínu.
 - 1.4 Nemandi þekki ritstjóra sem foreldri, kennara, liðsstjóra, þjálfara, sérfræðing.
- Hagnýt færni og hæfni**
 - 2.1 Nemandi geti gert greinarmun á misjöfnum heimildum og heimildamönnum.
 - 2.2 Nemandi kunni skipulag, sem ritstjóri þarf að hafa á starfi ritstjórna.
 - 2.3 Nemandi geti stjórnað hinum ýmsu efnisflokkum fjölmiðils og heilum fjölmiðli.
 - 2.4 Nemandi kunni að fá góðar hugmyndir að efni.
- Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi**
 - 3.1 Nemandi kunni umgengni við starfslíð og samskiptaaðila utan ritstjórna
 - 3.2 Nemandi kunni að gera blaðamenn og höfundar sjálfbæra í blaðamennsku.
 - 3.3 Nemandi kunni að stjórna með hendur í vösum.
 - 3.4 Nemandi geti verið kennari ritstjórna.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx
Deild/Eining: Fréttamenska, grunnnám
Einingarfjöldi: 2 einingar
Lágmarkseinkunn: 5,0
Námskeiðstegund: Fjarnám
Námsstig: Háskólastig, grunnnám
Kennsluár:
Heildarvinnutími nemanda: 60
Fjöldi fyrirlestra/kennslueininga: 12
Fjöldi millifyrferða: 1
Kennarar/fyrirlesarar: 4
Undanfarar / Forkröfur: Öll námskeið í fyrri lotu
Námsmat: Nemendur ritstýra 3 fréttum hjá öðrum nemendum, og vinna 1 frétt undir ritstjórn. Fréttir og greinargerð eru metin til einkunnar.
Bækur/kennsluefni: Roy Peter Clark & Don Fry, Coaching Writers, 2. útgáfa 2003, Foster Davis & Karen F. Dunlap, The Effective Editor, 2000
Annað lesefni: Poynter Institute Series: Leadership: Personal & Powerful, 2003, Poynter Institute: Essential Skills & Values, 2002
Skyggnur sem fylgja með fyrirlestrum og eru birtar á kennsluvef námskeiðsins

FRÉTTAMENNSKA

Heiti xxxx 6 ein. Rannsóknir I

Námskeiðslýsing: Fyrri hluti meginnámskeiðs í rannsóknablaðamennsku. Markmið þess er að nemendur öðlist skilning á störfum rannsóknablaðamanna og færni í rannsóknum. Helstu hugtök eru kynnt og aðferðir við rannsóknir eru kynntar. Sagt frá forgöngumönnum í rannsóknum og aðferðum þeirra. Þekktir rannsóknablaðamenn segja frá aðferðum sínum. Kynnt notkun Google og annarra leitarforrita. Sagt frá starfi og aðferðum Wikileaks. Nemendur skrifa efni fyrir Einkaveg, fjölmiðil námsbrautarinnar.

Hæfniviðmið

- Þekking og skilningur**
 - 1.1 Nemandi þekki aðferðir og vinnubrögð rannsóknablaðamanna.
 - 1.2 Nemandi skilji rannsóknablaðamennsku, sem samþættingu efahyggju, fyrirstöðu og þrautseigju.
 - 1.3 Nemandi kunni reikningsaðferðir töflureikna og gagnagrunna.
 - 1.4 Nemandi skilji stöðu rannsóknablaðamennsku í samfélaginu, hættur hennar og kostnað
 - 1.5 Nemandi þekki siðferðileg álitamál í tengslum við rannsóknablaðamennsku.
- Hagnýt færni og hæfni**
 - 2.1 Nemandi kunni helztu aðferðir rannsóknablaðamanna við störf sín í ýmsum málaflokkum.
 - 2.2 Nemandi kunni að leggja mat á innihald skjala og viðtala.

- 2.3 Nemandi þekki mun á fyrsta og annars stigs heimildum.
 - 2.4 Nemandi kunni að nota töflureikninn Excel og gagnagrunna.
3. **Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi**
- 3.1 Nemandi kunni að umgangast fólk, sem er tregt til að veita upplýsingar.
 - 3.2 Nemandi hafi ríka þolinmæði og þrautseigju til að vinna erfitt starf andspænis fyrirstöðu.
 - 3.3 Nemandi þekki tilraunir fólks til að fara með rangt mál og kunni ráð við því.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx

Deild/Eining: Fréttamennska, grunnnám

Einingafjöldi: 6 einingar

Lágmarkseinkunn: 5,0

Námskeiðstegund: Fjarnám

Námsstig: Háskólastig, grunnnám

Kennsluár:

Heildarvinnutími nemanda: 160

Fjöldi fyrirlestra/kennslueininga: 15

Fjöldi millifyrferða: 3 + 1 á kynningum

Kennarar/fyrirlesarar: 3

Undanfarar / Forkröfur: Fyri lota og öll námskeið í Kjarna

Námsmat: Nemandi skrifar 1 rannsóknargrein og leggur fram 3 kynningar til kennara/ritstjóra að mögulegum rannsóknarverkefnum

Bækur/kennsluefni: Brant Houston: Computer-Assisted Reporting, 3. útgáfa 2004

Brant Houston, Len Bruzzese, Steve Weinberg: The Investigative Reporter's Handbook, 4. útgáfa 2002

Annað lesefni: Skyggur sem fylgja með fyrirlestrum og eru birtar á kennsluvef námskeiðsins

Heiti xxxx 6 ein. Rannsóknir II

Síðari hluti meginnámskeiðs í rannsóknablaðamennsku. Markmið þess er að nemendur öðlist skilning á störfum rannsóknablaðamanna og færni í rannsóknum. Helstu hugtök eru kynnt og aðferðir við rannsóknir eru kynntar. Sagt frá forgöngumönnum í rannsóknum og aðferðum þeirra. Þekktir rannsóknablaðamenn segja frá aðferðum sínum. Kynnt notkun Google og annarra leitarforrita. Sagt frá starfi og aðferðum Wikileaks. Nemendur skrifa efni fyrir Einkaveg, fjölmiðil námsbrautarinnar.

Hæfnivæðmið

1. Þekking og skilningur

- 1.1 Nemandi þekki aðferðir og vinnubrögð rannsóknablaðamanna.
- 1.2 Nemandi skilji rannsóknablaðamennsku, sem samþættingu efaþyggju, fyrirstöðu og þrautseigju.
- 1.3 Nemandi kunni reikningsaðferðir töflureikna og gagnagrunna.
- 1.4 Nemandi skilji stöðu rannsóknablaðamennsku í samfélaginu, hættur hennar og kostnað
- 1.5 Nemandi þekki síðferðileg álitamál í tengslum við rannsóknablaðamennsku.

2. Hagnýt færni og hæfni

- 2.1 Nemandi kunni helstu aðferðir rannsóknablaðamanna við störf sín í ýmsum málaflokkum.
- 2.2 Nemandi kunni að leggja mat á innihald skjala og viðtala.
- 2.3 Nemandi þekki mun á fyrsta og annars stigs heimildum.
- 2.4 Nemandi kunni að nota töflureikninn Excel og gagnagrunna.

3. Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi

- 3.1 Nemandi kunni að umgangast fólk, sem er tregt til að veita upplýsingar.
- 3.2 Nemandi hafi ríka þolinmæði og þrautseigju til að vinna erfitt starf andspænis fyrirstöðu.
- 3.3 Nemandi þekki tilraunir fólks til að fara með rangt mál og kunni ráð við því.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx

Deild/Eining: Fréttamennska, grunnnám

Einingafjöldi: 6 einingar

Lágmarkseinkunn: 5,0

Námskeiðstegund: Fjarnám

Námsstig: Háskólastig, grunnnám

Kennsluár:

Heildarvinnutími nemanda: 180

Fjöldi fyrirlestra/kennslueininga: 15

Fjöldi millifyrferða: 5

Kennarar/fyrirlesarar: 3

Undanfarar / Forkröfur: Fyri lota, Kjarni & Rannsóknir I. Æskilegt að öllum Miðlunarnámskeiðum sé einnig lokið

Námsmat: Nemendur vinna rannsóknarverkefni (amk 4 fréttir) sem metið er til einkunnar

Bækur/kennsluefni: Brant Houston: Computer-Assisted Reporting, 3. útgáfa 2004

Brant Houston, Len Bruzzese, Steve Weinberg: The Investigative Reporter's Handbook, 4. útgáfa 2002

Annað lesefni: Skyggur sem fylgja með fyrirlestrum og eru birtar á kennsluvef námskeiðsins

Heiti xxxx 2 ein. Fortíðin, saga blaðamennsku

Námskeiðslýsing: Sagnfræði og nútími blaðamennsku. Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á sögu blaðamennsku og skilji samspil tæknibreytinga. Rakin er saga myndmáls, talmáls, ritmáls og prentmáls frá orófi alda og þróun fjölmiðla á síðustu öldum. Lýst er stöðu fjölmiðlunar í upphafi 21. aldar. Sérstaklega er lýst þróun fjölmiðlunar á Íslandi. Fjallað er um kenningu McLuhan um form og innihald fjölmiðla. Nemendur skrifa efni fyrir Einkaveg, fjölmiðil námsbrautarinnar.

Hæfnivæðmið

1. Þekking og skilningur

- 1.1 Nemandi þekki sögu talmáls, ritmáls, prentmáls og fjölmiðla.
- 1.2 Nemandi skilji tengsl nútímans við fortíðina í blaðamennsku.
- 1.3 Nemandi þekki ritlist, sem einna merkustu uppfinningu veraldarsögunnar.

2. Hagnýt færni og hæfni

- 2.1 Nemandi geti nýtt söguskilning sinn við dagleg störf að fréttum.
- 2.2 Nemandi þekki, hvenær ýmsir meginþættir nútíma fjölmiðlunar komu til sögunnar.

3. Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi

- 3.1 Nemandi geti tjáð sig um atriði úr sögu blaðamennsku.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx

Deild/Eining: Fréttamennska, grunnnám

Einingafjöldi: 2 einingar

Lágmarkseinkunn: 5,0

Námskeiðstegund: Fjarnám

Námsstig: Háskólastig, grunnnám

Kennsluár:

Heildarvinnutími nemanda: 60

Fjöldi fyrirlestra/kennslueininga: 12

Fjöldi millifyrferða: 0

Kennarar/fyrirlesarar: 1

Undanfarar / Forkröfur:

Námsmat: Nemendur vinna 4 fréttir undir klassískum gildum, sem metin eru til einkunnar

Bækur/kennslufni: David Crowley & Paul Heyer: Communication in History, 2003. Guðjón Friðriksson: Nýjustu fréttir, 2000

Mitchell Stephens: A History of News, 1988, Joseph Straubhaar & Robert LaRose: Media Now, 2006

Annað lesefni: Skyggnur sem fylgja með fyrirlesturum og eru birtar á kennsluvef námskeiðsins

MÍÐLUN

Heiti xxxx 4 ein. Kvikmyndataka/myndvinnsla II

Námskeiðslýsing: Kafað dýpra í möguleika kvikmyndatökuvélarinnar til að vinna fréttir. Nemendur þurfa að vinna fréttaskýringu þar sem myndirnar eru í forgrunni miðlunar. Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á því hvernig fréttavettvangur er „coveraður“ með ólíkum myndstærðum og hvernig reynt er að ná lykilaugnablikum (moments) sem skýra út kjarna fréttar.

Hæfniviðmið

1. Þekking og skilningur

- 1.1 Nemandi öðlist dýpri skilning á möguleikum kvikmyndatökuvélarinnar.
- 1.2 Nemandi efli næmi sitt til að „lesa“ fréttavettvang með kvikmyndatökuvélinni.
- 1.3 Nemandi auki skilning sinn á myndmálinu og möguleikum þess.

2. Hagnýt færni og hæfni

- 2.1 Nemandi nái betri tókum á kvikmyndatökuvélinni og auki vinnuhraða sinn.
- 2.2 Nemandi hafi þjálfað augu sín til að velja myndstærðir.
- 2.2 Nemandi hafi öðlast hæfni til að „covera“ fréttavettvang og vinna gott efni til klippingar.

3. Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi

- 3.1 Nemandi hafi öðlast hæfni til að til að fullvinna sjónvarpsfréttir þar sem myndmálið er nýtt til hins ítrasta.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx

Deild/Eining: Fréttamennska, grunnnám

Einingafjöldi: 4 einingar

Lágmarkseinkunn: 5,0

Námskeiðstegund: Fjarnám

Námsstig: Háskólastig, grunnnám

Kennsluár:

Heildarvinnutími nemanda: 60

Fjöldi fyrirlestra/kennslueininga: 3

Fjöldi millifyrferða: 1

Kennarar/fyrirlesarar: 1

Undanfarar / Forkröfur: Fyrri lota/Kvikmyndataka/myndvinnsla I

Námsmat: 3 fréttir sem metnar eru til einkunnar.

Bækur/kennslufni:

Annað lesefni: Kennsluvefur námskeiðsins

Heiti xxxx 4 ein. Hljóð II

Námskeiðslýsing: Á námskeiðinu er sérstök áhersla lögð á eftirvinnslu hljóðs og hljóðklipp. Samspil umhverfishljóða og tónlistar við talað mál. Hvernig er hljóðheimur skapaður með hljóðblöndun. Nemendur þurfa að vinna fréttaskýringu þar sem eiginleikar hljóðs og hljóðvinnslu eru nýttir.

Hæfniviðmið

1. Þekking og skilningur

- 1.1 Nemandi öðlist dýpri þekkingu á möguleikum hljóðs til framsetningar á efni.
- 1.2 Nemandi öðlist betri skilning á tæknibúnaði hljóðvinnslu, hljóðnemum og forritum.

2. Hagnýt færni og hæfni

- 2.1 Nemandi öðlist færni í hljóðupptökum á fréttavettvangi.
- 2.2 Nemandi öðlist hæfni í hljóðklippi og hljóðhönnun.

3. Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi

- 3.1 Nemandi geti fullnúið fréttaskýringar fyrir útvarp þar sem eiginleikar hljóðvinnslu eru nýttir til fullnustu.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx

Deild/Eining: Fréttamennska, grunnnám

Einingafjöldi: 4 einingar

Lágmarkseinkunn: 5,0

Námskeiðstegund: Fjarnám

Námsstig: Háskólastig, grunnnám

Kennsluár:

Heildarvinnutími nemanda: 120

Fjöldi fyrirlestra/kennslueininga: 3

Fjöldi millifyrferða: 1

Kennarar/fyrirlesarar: 1

Undanfarar / Forkröfur: Fyrri lota, Hljóð I

Námsmat: 3 fréttaskýringar fyrir útvarp sem metnar eru til einkunnar.

Bækur/kennslufni:

Annað lesefni: Kennsluvefur námskeiðsins

Heiti xxxx 4 ein. Klipping/myndvinnsla II

Námskeiðslýsing: Nemendur eru þjálfaðir frekar í klippingu með vinnslu ýmissa verkefna. Jafnframt eru kynntir ýmsir þættir myndvinnslu; grafík, mynd í mynd, textaborðar o.fl. Markmiðið er að nemendur nái góðu valdi klippiforritinu og að læri að nýta möguleika myndvinnslu til framsetningu fréttar.

Hæfniviðmið

1. Þekking og skilningur

- 1.1 Nemandi þekki hjálparforrit sem notuð eru við myndvinnslu fréttar
- 1.2 Nemandi öðlist dýpri skilning á möguleikum klippingar til framsetningar myndefnis.
- 1.3 Nemandi auki skilning sinn á myndmálinu og möguleikum þess.

2. Hagnýt færni og hæfni

- 2.1 Nemandi hafi aukið færni sína við klippingu myndefnis.
- 2.2 Nemandi hafi öðlast færni við notkun myndvinnslu og grafíkforrita.

3. Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi

- 3.1 Nemandi hafi öðlast hæfni við að fullvinna sjónvarpsfréttir þar sem myndmálið er nýtt til fullnustu.

Grunnupplýsingar

Námskeiðsnúmer: xxxx

Deild/Eining: Fréttamennska, grunnnám

Einingafjöldi: 4 einingar

Lágmarkseinkunn: 5,0

Námskeiðstegund: Fjarnám

Námsstig: Háskólastig, grunnnám

Kennsluár:

Heildarvinnutími nemanda: 120

Fjöldi fyrirlestra: 3

Fjöldi millifyfirferða: 1

Kennarar/fyrirlesarar: 1

Undanfarar / Forkröfur: Klipping/myndvinnsla I

Námsmat: 3 fréttir sem metnar eru til einkunnar.

Bækur/kennsluefni:

Annað lesefni: Skyggmur sem fylgja með fyrirlestrum og eru birtar á kennsluvef námskeiðsins